



Bæjarráð Garðabæjar
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi
210 Garðabær

Garðabæ, 25.10.2016

Efni: Þorablót Stjörnunnar 2017

Undanfarin ár hefur Knattspyrnudeild Stjörnunnar staðið fyrir glæsilegu þorabóti félagsins. Öll blótin hafa verið mjög vel sótt og vel heppnuð. Við ætlum okkur að gera enn betur í ár bæði í fjölda gesta og framkvæmd blótsins.

Að okkar mati hefur myndast mikil stemmning fyrir þorablótinu og samkennd bæjarbúa aukist með tilkomu þess, enda fátítt – því miður – að svo margir komi saman á uppákomum eða kappleikjum á vegum Stjörnunnar.

Við framkvæmd þorablótsins reynist stuðningur og jákvætt viðmót bæjaryfirvalda okkur ómetanlegt og hvetur okkur til dáða við framkvæmdina. Hefur knattspyrnudeildin ákveðið að standa fyrir samskonar þorablóti við upphaf þorra á næsta ári, en bóndadagur er föstudaginn 20. janúar nk. Að hefðbundnu þorablóti loknu er ráðgert að hljómsveit leiki fyrir dansi.

Með vísan til ofangreinds leyfi ég mér að fara þess formlega á leit við bæjaryfirvöld að þau leggi okkur lið við framkvæmd skemmtunarinnar á svipaðan hátt og áður – þ.e. með afnotum af húsnæði bæjarins (Íþróttamiðstöðin Mýrin) og jafnframt aðstoð starfsfólks Íþróttamiðstöðvarinnar. Förum við þess á leit að óbreyttu að fá salinn til afnota fimmtudaginn 19. janúar og skila honum af okkur í lok dags laugardaginn 21. janúar. Þá óskum við eftir afnotum hljóðkerfi í eigu Garðalundar og aðstoð starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar við uppsetningu kerfisins auk aðstoðar starfsmanna Íþróttamiðstöðvarinnar við uppsetningu og frágang salarins.

Ef orðið verður við þessari beiðni ráðgerum við náið samstarf við Íþróttafulltrúa bæjarins varðandi nánari framkvæmd þorablótsins eins og verið hefur. Knattspyrnudeild Stjörnunnar mun fúslega veita frekari upplýsingar verði eftir þeim óskað.

Með Stjörnukveðju og von um jákvæðar undirtektir.

Ása Inga Þorsteinsdóttir

framkvæmdastjóri UMF Stjörnunnar